

Bæjarstjórn - 1912

FUNDARBOÐ

**1912. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 7.
júni 2023 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar

Lögð fram tillaga um breytingar í íprótta- og tómstundanefnd.
Einar Gauti Jóhannsson, Teigabyggð 4, víki úr nefndinni sem aðalfulltrúi.
Erlingur Örn Árnason, Suðurholti 5, sem verið hefur varafulltrúi taki sæti sem
aðalfulltrúi.
Ómar Freyr Rafnsson, Fagrahvammi 2B, taki sæti sem varafulltrúi.

2. 2001560 - Húsnæði stjórnsýslunnar

2.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 1.júní sl.
Lögð fram drög að samningum vegna Strandgötu 8-10 og Linnetstígs 3.

Úr fundargerð starfshóps um húsnæði stjórnsýslunnar 30. maí 2023:
"Starfshópurinn samþykkir framlögð samningsdrög og vísar til bæjarráðs til
samþykktar."

Bæjarráð samþykkir framlögð samningsdrög og vísar til viðaukagerðar. Vísað í
bæjarstjórn til staðfestingar.

3. 2305586 - Tunguhella 11, umsókn um lóð

9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 1.júní sl.
Lögð fram lóðarumsókn 1540 ehf þar sem sótt er um lóðina nr. 11 við
Tunguhellu og Tunguhellu 13 til vara.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni við Tunguhellu 11 til 1540 ehf. Vísað til
staðfestingar í bæjarstjórn.

4. 2305470 - Tunguhella 13, umsókn um lóð

10.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 1.júní sl.
Lögð fram lóðarumsókn Norðurlöndin ehf. þar sem sótt er um lóðina nr.13 við
Tunguhellu og Tunguhellu 11 til vara.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni við Tunguhellu 13 til Norðurlöndin ehf.

Vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

5. 2305392 - Virkisás 23, umsókn um lóð

11.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 1.júní sl.

Lögð fram lóðarumsókn Margrétar Eðvarðsdóttur um lóðina nr. 23 við Virkisás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Margrétar Eðvarðsdóttur og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

6. 2302624 - Álhella 1, breyting á deiliskipulagi

3. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 1.júní sl.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 01.03.2023 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar Álhella 1 í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Kapelluhrauns í Hafnarfirði. Í deiliskipulagsbreytingunni felst stækkun lóðar, aðkomu að lóð verði hnikað til, jarðvegsmanir verði færðar og lengdar. Gert verði ráð fyrir hljóðvegg innan lóðar meðfram lóðarmörkum Álhelli 1 og 3. Nýtingarhlutfall lóðar verði $N_h = 0,4$. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 4.5.2023. Athugasemd barst. Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir umsögn skipulagsfulltrúa og samþykkir breytingu á deiliskipulagi Álhelli 1. Erindinu er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

7. 2305450 - Hvaleyrarholt, deiliskipulagsbreyting, grenndarstöð

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 1.júní sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarholts vegna staðsetningar á nýrri grenndarstöð. Breytingin felst í að gert er ráð fyrir svæði fyrir grenndargáma til flokkunar endurvinnanlegs efnis. Gert er ráð fyrir skjólvegg í kringum gámana til norð-austurs. Einnig er gert ráð fyrir snúningssvæði fyrir hirðubíla.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarholts vegna nýrrar grenndarstöðvar og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

8. 2305449 - Ásland 3, deiliskipulagsbreyting, grenndarstöð

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 1.júní sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Áslands 3 vegna staðsetningar á nýrri grenndarstöð. Breytingin felst í að gert er ráð fyrir svæði fyrir grenndargáma til flokkunar endurvinnanlegs efnis. Gert er ráð fyrir skjólvegg í kringum gámana til suð-austurs. Gert er ráð fyrir svigrúmi fyrir stöðvun bíla við gámana sem og að framlengja stíg að þeim.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Áslands 3 vegna nýrrar grenndarstöðvar og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

9. 2209120 - Hjólafstefna Hafnarfjarðar, starfshópur

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 1.júní sl.
Lögð fram til kynningar skýrsla starfshóps um hjólastefnu Hafnarfjarðar.

Skipulags- og byggingarráð þakkar Díönu Björk Olsen formanni starfshóps um hjólastefnu Hafnarfjarðar fyrir kynninguna og starfshópnum öllum fyrir vel unnin störf. Skýrslunni er vísað til samþykktar í bæjarstjórn.

10. 2302625 - Næturstæti

Umræða, tillaga.

11. 2305029 - Kjaramál, staða, bæjarstarfsmenn,

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska upplýsinga um umfang aðgerða hjá starfsmannafélagi Hafnarfjarðar/BSRB, áhrif á þjónustu, fjöldi starfsmanna í verkfalli og á hvaða vinnustöðum. Einnig er óskað upplýsinga um hvar og hversu margir starfa við sambærileg störf hlið við hlið á vinnustöðum en á ólíkum kjörum.

12. 1809298 - Tækniskólinn, nýbygging, erindi

Umræða.

13. 2301126 - Fundargerðir 2023, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 1.júní sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 1.júní sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 17.maí sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 24.maí sl.

c. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 17.maí sl.

d. Fundargerðir stjórnar SSH frá 15. og 22. maí sl.

e. Fundargerð 41.eigendafundar SORPU frá 15.maí sl.

f. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 9.maí sl.

g. Fundargerð stjórnar Stræti bs. frá 19.maí sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 31. maí sl.

a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanevndar frá 23.maí sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 31. maí sl.

a. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 11. apríl og 9.maí sl.

b. Fundargerðir stjórnar Stræti bs. frá 21.apríl og 19.maí sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 30.maí sl.

Fundargerð forsetanevndar frá 5.júní sl.

05.06.2023

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri